



Reykjavík 10 maí 2021

**Efni: Umsögn SAF um frumvarp til laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru o.fl. (framhald úrræða og viðbætur), mál nr. 769.**

Hinn 5. maí sl. barst Samtökum ferðapjónustunnar – SAF beiðni um umsögn um breytingu á lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, lögum um viðspyrnustyrki og lögum um tekjuskatt (framhald úrræða og viðbætur). Frumvarpinu er ætlað að rýmka á skilyrðum sem gilda um lokunar- og viðspyrnustyrki til rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Þá er einnig lagt til að greiddur verði sérstakur barnabótaauki. Frumvarpið hefur verið yfirfarið á vettvangi SAF og vilja samtökin koma nokkrum athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Í frumvarpinu kemur fram að vegna þeirra nýlegu aðgerða sem gripið var til, að skylda suma aðila til að loka eða stöðva starfsemi og að gera verði ráð fyrir áhrifum af heimsfaraldrinum í sumar og fram eftir árinu er lagt til að gildistími þessara úrræða sem um ræðir verði fram á haustið 2021. SAF taka undir þessi orð enda er fyrir löngu orðið ljóst að niðursveiflan verði ekki V-laga, heldur U-laga. Þó það verði búið að bólusetja bráðlega þá verður að hafa úrræði til að verjast heimsfaraldrinum og aðgerðum vegna hans í sumar og haust og þess vegna eru þessi úrræði svona mikilvæg. Samtökin fagna því sérstaklega að úrræðið sé rýmkað. Það er mjög skynsamlegt enda verður úrræðið að vera til þess að viðspyrnan gangi vel fyrir sig.

Samtökin vilja hins vegar benda á ákvæði 2. tölul. 4. gr. laga um viðspyrnustyrki. Þar kemur fram að eitt af skilyrðum fyrir viðspyrnustyrk séu þau að tekjur rekstraraðila frá 1. janúar 2020 til október 2020 hafi verið a.m.k. 500 þús. kr. Í greinargerðinni kemur m.a. fram að styrknum sé ætlað að styðja beint við atvinnurekstur sem enn er við lýði og þess vegna verði að hafa eitthvað viðmið.

Samtökin vilja benda að sum fyrirtæki hafa eingöngu tekjur af erlendum ferðamönnum hér á landi. Í kjölfar þess að heimsfaraldurinn hófst fóru fyrirtæki að bregðast við og koma fyrirtækjum í skjól. Starfsemi var dregin saman í algjört lágmark með þeim afleiðingum að tekjurnar hurfu algjörlega. Eitt dæmi er um að fyrirtæki hafi farið í algjört skjól og allar tekjurnar hurfu, tekjuhrun uppá 95% og á þessu tímabili sem um ræðir hafi heildar tekjur fyrirtækisins einungis verið 400 þús. kr. Það breytir því ekki að allar tekjurnar hurfu og fyrirtækið er engu minna starfandi þó tekjur þess hafi ekki náð 500 þús. kr. Eini munurinn er að þetta ákveðna fyrirtæki getur ekki fengið viðspyrnustyrk þó það uppfylli allar aðrar kröfur. **Samtökin leggja því til að 2. tölul. 4. gr. verði breytt á þá leið að fyrirtæki sé með einhverjar tekjur, hverjar sem þær eru. Ekkert lágmark.**

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar

A handwritten signature in cursive script, reading "Jóhannes Þór Skúlason".

*Jóhannes Þór Skúlason*

*framkvæmdastjóri*